



Fundur háskólaráðs 26. júní 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 24.06.2002
Dags: 26.06.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

12/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, miðvikudaginn 26. júní var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.
Fundir frestað kl. 15.30. Fundinum var framhaldið föstudaginn 28. júní kl. 13.30.

Mættir voru: Páll Skúlason, Ármann Höskuldsson, Hörður Sigurgestsson, Guðmundur G. Haraldsson, Baldvin Þór Bergsson, Oddný G. Sverrisdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Peter Holbrook, Guðmundur K. Magnússon, María Guðmundsdóttir og Stefán Ólafsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram yfirlit um nýráðningar og framgang.
- 1.2 Lagt fram Fréttabréf Reiknistofnunar Háskóla Íslands, númer 37, maí 2002.
- 1.3 Lögð fram ályktun Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna samkeppnisstöðu Háskóla Íslands.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Lögð fram fundargerð og ályktanir 7. háskólafundar 23. maí 2002 um einstök málefni:

- a) um veitingu akademískra nafnbóta,
- b) um starfshætti dómnefnda,
- c) um ráðgjafarmiðstöð í tölfræði og aðferðafræði,
- d) um breytingu á 9. kafla starfsmannastefnu Háskólans,
- e) um endurskoðaða stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra.
- Rektor fór yfir stöðu þessara mála.

2.2 Lögð fram drög að erindisbréfi jafnréttisnefndar ásamt tillögu rektors að skipun jafnréttisnefndar í samræmi við endurskoðað erindisbréf nefndarinnar.
- Samþykkt einróma.

Rektor lagði til að jafnréttisnefnd verði skipuð eftirtöldum:

Til tveggja ára frá 1. júlí 2002 að telja:

Baldur Þórhallsson, lektor í stjórn málafræði, félagsvísindadeild

Unnur Svava Jóhannsdóttir, nemandi í félagsfræðiskor félagsvísindadeildar

Til þriggja ára frá 1. júlí 2002 að telja:
Björg Thorarensen, prófessor í lagadeild
Jón Ingólfur Magnússon, dósent í stærðfræði, raunvísindadeild
Margrét Jónsdóttir, lektor í spænsku, heimspekideild

Varamenn:

Kristín Loftsdóttir, lektor í mannfræði, félagsvísindadeild
Ragnar Sigurðsson, fræðimaður í stærðfræði, Raunvísindastofnun.
- Samþykkt einróma.

2.3 Lagðar fram starfsreglur fyrir skjalasafn Háskóla Íslands ásamt greinargerð með starfsreglunum.

- Samþykkt einróma.

2.4 Lagt fram bréf frá Óskari Einarssyni, skrifstofustjóra heimspekideildar, dags. 22. júní 2002, um breytingu á 103. gr. í Reglum um Háskóla Íslands nr. 458/2000 þar sem fjallað er um B.A.-próf og B.Ph.Isl-próf.

- Samþykkt einróma.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Drög að tillögu um formlegt gæðakerfi Háskólans.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Í máli rektors kom m.a. fram að fyrirliggjandi drög að formlegu gæðakerfi Háskólans hafa verið í vinnslu og til umræðu um alllangt skeið, m.a. á fundum rektors með deildarforsetum. Þakkaði rektor sérstaklega Ágústi Einarssyni, forseta viðskipta- og hagfræðideildar, sem hefur haldið utan um starfið að undanförunu. Málið var rætt ítarlega og komu fram nokkrar athugasemdir og breytingartillögur við fyrirliggjandi drög.

- Formlegt gæðakerfi Háskólans var síðan samþykkt einróma. Jafnframt var rektor falið að undirbúa tillögu um það hvernig framkvæmd kerfisins og eftirliti með því verður háttað.

3.2 Endurskoðun á reglum um veitingu viðurkenninga til starfsmanna.

- Frestað til síðari tíma.

3.3 Tillaga um tilfærslu starfspátta háskólakennara við 55 og 60 ára aldur.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins og fundum með Félagi prófessora og Félagi háskólakennara sem og með deildarforsetum og millifundanefnd háskólaráðs um aldurs- og árangurstengda tilfærslu milli starfspátta. Í máli rektors kom m.a. fram að málið snýst einkum um þrjú atriði, þ.e. árangurstengingu, fjölda stunda sem færa megj milli starfspátta og gildistöku nýju reglnanna. Greindi rektor frá því að almenn sátt ríki um fyrsta atriðið, enda sé afkastahvetjandi rannsóknakerfi forsenda þess að Háskóli Íslands geti vaxið og dafnað sem alþjóðlegur rannsóknaháskóli í anda vísinda- og menntastefnu hans. Ágreiningur sé hins vegar við Félag prófessora um annað og þriðja atriðið. - Málið var rætt rækilega.

Rektor lagði fram breytingartillögu við tillögu millifundanefndar háskólaráðs, dags. 20. júní 2002, um aldurs- og árangurstengda tilfærslu milli starfspátta.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir enn meiri hvatningu til rannsókna en fyrri tillaga. Þannig geti kennarar aukið kennsluafslátt sinn upp að vissu hámarki með aukinni virkni í rannsóknum. Til að undirstrika að um sé að ræða kerfi sem sífellt þarf að vera í endurskoðun er bætt við ákvæði um endurskoðun reglnanna fyrir árslok 2007.

- Fyrst bar rektor breytingartillögu sína undir atkvæði. Samþykkt með 5 samhljóða atkvæðum. Síðan bar rektor tillöguna í heild sinni, svo breytta, undir atkvæði.

- Samþykkt einróma.

3.4 Tillaga að reglum læknadeildar um ráðningu og framgang starfsmanna með hæfnisdóm, sbr. síðasta fund. Umsagnir Félags háskólakennara og Félags prófessora.

Rektor gerði, ásamt Halldóri Jónssyni, framkvæmdastjóra rannsóknasviðs, grein fyrir málinu og framlögðum gögnum.

- Málið var rætt ítarlega.

- Reglur læknadeildar um ráðningu starfsmanna með hæfnisdóm samþykktar með 6 atkvæðum, en einn var á móti og þrír sátu hjá.

3.5 Tillaga læknadeildar að breytingu á 5. gr. reglna nr. 885/2001 um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkráþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.

- Samþykkt einróma.

3.6 Tillaga félagsvísindadeildar um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í Háskóla Íslands (sbr. síðasta fund).

- Samþykkt einróma.

Sigríður Ólafsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

„Háskólaráð hvetur félagsvísindadeild til að huga að skipan rannsóknastofnana innan deildarinnar. Stefnt sé að því að ein rannsóknastofnun heyri undir hverja deild. Heimilt er að skipta stofnunum í stofur og að þær haldi fyrra nafni sínu.”

3.7 Endurskoðuð tillaga stjórnsýslusviðs að reglum um Alþjóðamálastofnun (sbr. síðasta fund).

Rektor og framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs gerðu grein fyrir málinu.

- Reglur um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands ásamt breytingum skv. ósk utanríkisráðuneytisins samþykktar samhljóða.

3.8 Tillaga stjórnsýslusviðs og stjórnar sjóða Háskólans að reglum um ávöxtun og umsýslu sjóða Háskólans (áður á dagskrá 7. mars 2002, sbr. minnisblað 15. apríl 2002).

Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs, gerði grein fyrir tillögunni og var hún rædd.

- Samþykkt einróma.

3.9 Drög að reglum um Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands, ásamt umsögnum.

Halldór Jónsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma.

3.10 Verklag við samningagerð um hagnýtingu hugverka, ásamt tillögu um skipan hugverkanefndar.

Halldór Jónsson gerði grein fyrir málinu. Að tillögu rektors skipar háskólaráð Þórdísi Kristmundsdóttur, prófessor í lyfjafræðideild, og Jón Atla Benediktsson, prófessor í verkfræðideild, sem fulltrúa Háskólans í hugverkanefnd. Þórdís verði formaður nefndarinnar.

- Samþykkt einróma.

3.11 Drög að heildaráætlun fyrir Háskóla Íslands.

- Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá áætluninni.

3.12 Viðbótarsamningur H.Í. og LSH, ásamt fylgiskjölum og tillögum að reglum sem nauðsynlegt er að setja í tengslum við samninginn.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins.

- Háskólaráð er sátt við að viðbótarsamningur H.Í. og LSH, ásamt fylgigögnum og

reglum, er í höfn og felur rektor að ganga frá málinu formlega. Tillaga að reglum um veitingu akademískra nafnbóta, sem vísað er til í viðbótarsamningnum, sbr. samning H.Í. og LSH frá 10. maí 2001, verður lögð fyrir háskólaráð þegar nefnd rektors hefur gengið frá henni.

3.13 Umfang stjórnssýslu í Háskóla Íslands, skýrsla nefndar í júní 2002.

- Rektor kynnti framlagða skýrslu og var hún rædd stuttlega. Gert er ráð fyrir að nýtt háskólaráð fjalli nánar um málið.

3.14 Fjárhagsáætlun Náttúrufræðahúss.

Ingjaldur Hannibalsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs, gerði rækilega grein fyrir kostnaðaráætlun fyrir lúkningu Náttúrufræðahúss. Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Þökkðu ráðsmenn Ingjaldi og nánustu samstarfsmönnum hans fyrir sérlega vel unnin störf í þágu Náttúrufræðahússins.

4. Önnur mál.

4.1 Að dagskrá lokinni færði rektor fráfarandi háskólaráði bestu þakkir fyrir málefnalegt og gagnlegt samstarf. Oddný G. Sverrisdóttir þakkaði rektor og starfslíði skrifstofu hans fyrir samstarfið og Baldvin Þ. Bergsson þakkaði ráðsmönnum f.h. stúdenta.

4.2 Í lok fundar komu nýir fulltrúar í háskólaráði inn á fundinn og bauð rektor þá velkomna. Fyrsti fundur hins nýja háskólaráðs er áformaður 22. ágúst nk.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 16.10